

# Úr ríki náttúrunnar

## Lífsbaráttan

Örstutt um myndbandið: Lífverur hafa komist af á jörðinni í 600 milljónir ára. Við kynnumst því hvernig allar lífverur verða að berjast fyrir lífinu, hvort sem þær eru í sókn eða vörn. Það eru ekki endilega þær stærstu, sterkustu, fljótustu eða þær klárustu sem lifa af.

Efnisráður: Hvert dýr býr yfir hæfni til að lifa af. Nær engar undantekningar eru frá þeim reglum að til að lifa af þarf vatn að drekka, fæðu, súrefni, einhverja leið til að halda á sér hita og verjast árásum. Allt er þetta gert til að koma upp nýrri kynslóð sem berst við að lifa af. Allar þær lífverur sem verða til vegna kynæxlunar hefja lífið sem frjóvgað egg. Þau egg sem klekjast út utan líkama eru margvísleg, bæði að stærð og lögun, og finnast á öllum mögulegum stöðum. Það getur verið háskalegt að klekjast úr eggi, t.d. kemst aðeins einn af hverjum þúsund skjaldbökuungum á legg. Blekkingar eru algengar í náttúrunni og er góður dulbúningur oft lykillinn að því að halda lífi. Þau dýr sem eru hægari í hreyfingum eru oft mjög vel dulbúin.

Markmið/meginviðfangsefni:

- Að þekkja hvaða nauðþurftir lífverur þurfa til þess að lifa
- Að skilja helstu varnaraðferðir sem þekkjast í náttúrunni
- Að skilja að ætlun er forsenda þess að tegundin lifi af

Helstu atriði og hugtök:

- lífsbarátta
- bráð
- gnýr
- hræ, hrætur
- blóðmaur
- að éta eða vera étinn
- felast, flýja, veiða
- kakkalakkar
- fæða
- varnir
- egg
- samvinna
- blekkingar
- dulbúningur
- litir
- brynjur
- Galapagoseyjar
- finkur

Hugmyndir að verkefnum

- Finna dæmi um eftirfarandi varnarhætti bráðar: 1) ytri varnir (svo sem brodda), 2) leik eða blekkingu, 3) dulbúning, 4) hermiliti (þ.e. skaðlaus lífvera í varnarlitum) og 5) annað
- Velja sér eitt rándýr og eina bráð. Kanna samskipti þeirra og hvaða kosti bráðin þarf að hafa til að lifa af
- Skoða kosti og galla þess að vera stór lífvera
- Bera saman hve fljótt afkvæmi grasbíta og rándýra verða sjálfbjarga og hugsanlegar ástæður
- Bera saman fjölda eggja og tengsl þess við umönnun foreldra og fjölda afkvæma sem lifa af, finna dæmi
- Ath! Mjög margir leikir í Náttúruverkefnum tengjast þessu myndbandi

Til umræðu:

- Mörg dýr eru góðir leikarar og bjargar leikurinn oft lífi þeirra. Finnið dæmi.
- Hvaða lífverur eru líklegastar til að lifa af hamfarir á jörðu? Hvers vegna?
- Að hvaða leyti hentar það dýrum að vera í hópum eða veiða í hópum?

Tengsl við námskrá:

Úr lífvísindum: einkenni og fjölbreytni lífvera; erfðir, aðlögun, þróun; tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt

Tengsl við námsefni:

*Náttúruverkefni*

*Einkenni lífvera*

*Náttúran allan ársins hring*

*Æxun lífvera*

Titill á frummáli: *Survival*

Þýðandi og þulur: Guðni Kolbeinsson